



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upplýsingagjöf varðandi húsnæði Borgarskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 24. apríl 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Það er alvarlegt þegar mygla kemur upp í skólahúsnæði sem getur komið niður á heilsu nemenda og starfsfólks. Skólayfirvöldum ber að tryggja það að starfsumhverfi nemenda og starfsfólks sé heilsusamlegt. Það er ábyrgðarhlutur að þegar upp kom mygla í Borgarskóla fyrir áramót að hvorki foreldrar né kjörnir fulltrúar, sem bera ábyrgð á skólastarfi í borginni, voru upplýstir um ástandið. Óskað er upplýsinga um hvers vegna hvorki foreldrar né kjörnir fulltrúar voru upplýstir um mygluvandamálið. Þá er jafnframt óskað eftir upplýsingum um hvort úttekt hafi verið gerð á skólanum og ef svo er þá hver hafi framkvæmt hana.*

#### **Svar:**

Í september á síðasta ári gerði verkfræðistofan Mannvit úttekt á frístundaheimilinu Hvergilandi sem staðsett er innan veggja Borgarskóla. Tekin voru sýni í vinnustofu og skrifstofu starfsmanna og greindist mengun í gólfdukk, undir glugga og í ryksýni ofan af innréttingu. Ráðist var strax í svokallaðar mótvægisáðgerðir til þess að fjarlægja allt raka- og mygluskemmt byggingarefni og koma í veg fyrir frekari leka og rakasöfnun. Í kjölfarið var svæðið þrifið og sótthreinsað.

Í byrjun árs 2023 var eldhúsinnrétting í vinnustofu starfsmanna endurnýjuð ásamt öðru þar inni. Sú endurnýjun var ekki vegna rakaskemmda eða myglu heldur var um hefðbundið viðhald að ræða.

Betur hefði mátt huga að upplýsingagjöf vegna þessa en skýrslan var gefin út skömmu fyrir vetrarfrí skólans og var farið strax í mótvægisáðgerðir til að nýta vetrarfríið. Misskilningur varð um hver ætti að upplýsa foreldra sem varð til þess að ekkert bréf fór út á sínum tíma en úr því hefur verið bætt. Fljótlega verður gerð eftirfylgdarskimun þar sem voru rakaskemmdir til að meta virkni mótvægisáðgerða. Búið er að taka fleiri sýni til að fá betri heildarmynd af stöðu hússins og er beðið eftir niðurstöðum þeirra mælinga.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 5. desember 2022, var lagt fram svar við fyrirspurn um skóla þar sem rakaskemmdir og mygla hefðu komið upp á árinu 2022. Þar kom m.a. fram að við skoðun og mælingar hefði fundist mygla á afmörkuðum stöðum í rými frístundaheimilisins Hvergilands við Borgarskóla.